



## GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888

Reykjavík, 11. september 2019

Menningar-, íþrótt og tómstundaráð Reykjavíkur.

### ***Efni: Viðræður um aðkomu Glímufélagsins Ármanns að íþróttastarfi og skipulagi íþróttamannvirkja í Vogabyggð.***

Glímufélagið Ármann óskar formlega eftir viðræðum um nýtt íþróttasvæði sem myndast með nýrri íbúðabyggð í Vogabyggð. Þar er gert ráð fyrir skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum sem tilheyra nýrri byggð. Ármann telur að hægt sé að leysa aðstöðumál Ármanns að nokkru leiti með aðgangi að íþróttamannvirkjum í Vogabyggð. Það liggur beinast við að Ármann sækji í Vogabyggðina því Víkingur er ný tekinn við Fram svæðinu og stækkar þar með sitt svæði mikið og eykur einnig við mannvirkin hjá sér. Þróttur er á loka metrunum að fá nýtt og stórt íþróttamannvirki í Laugardalnum og hefur ekki sýnt áhuga á að færa svæði sitt, sbr umræðuna um Framsvæðið.

Glímufélagið Ármann er að mestu einstalings greina félag og telur, að það geti boðið upp á fleiri möguleika fyrir börn og unglunga í íþróttastarfi á svæðinu. Handknattleik og knattspyrnu geta iðkendur sótt í Víking eða Þrótt. Þá mætti leysa brýnt aðstöðuleysi körfuknattleiksdeildar Ármanns með því að nýta íþróttasal nýs húss í Vogabyggð fyrir körfuknattleiksæfingar.

Þar sem undirbúningur skóla- og íþróttamannvirkja er hafinn þá óskum við eftir skjótum svörum við erindi okkar.

Virðingafyllst

Jón Þór Ólason

Framkvæmdastjóri Glímufélagsins Ármanns